Kæru smábátaeigendur



Á undanförnum mánuðum hefur undirritaður orðið var við nokkra ókyrrð í ykkar röðum. Aðalfundir svæðisfélaganna á sl. hausti gengu að vísu prýðilega en mæting þar hefur oft verið betri. Á tveimur fundum varð uppákoma sem er einstök í sögu aðalfundanna. Óánægja nokkurra fundarmanna fékk útrás í að hlaupa á dyr.

Þegar ég ræddi þetta við félagsmenn nokkru síðar, voru viðbrögð flestra á þá leið að þetta væri nú bara hið besta mál – sýndi að líf væri í félagsskapnum. Ég var þó ekki á því að hætta að hugsa um þennan nýja dagskrárlið enda hann ekki einu sinni auglýstur undir öðrum málum. Ég komst að því að nokkrar ástæður voru tilefni uppákomunnar. Helst var og sameiginlegt hjá þeim var afstaða félaganna til stækkunar krókaaflamarksbáta. Félagar þeirra væru andvígir því að 15 brt. mörkin yrðu afnumin og 15 m mesta lengd sett í staðinn.

Þeir sem yfirgáfu fundina í haust hafa nú sagt sig úr LS og stofnað sitt eigið smábátafélag – Samtök smábátaútgerða. Nokkrir félagar þeirra hafa talið sig eiga samleið með þeim.

Ég harma þessa ákvörðun þeirra. Margar ástæður liggja til þess, en ein þeirra sker sig úr hvað mikilvægi snertir. Árangur smábátaeigenda fyrir gríðarlegum sigrum til sífellt öflugri og öruggari smábátaútgerðar liggur fyrst og fremst í að trillukarlar hafa staðið saman. Því er ekki að neita að oft hefur gustað, en samstaðan ávallt virkjað þann gust til enn meiri samheldni.

Hér með hvet ég alla trillukarla til samstöðu og þjappa sér utan um félagið sitt, Landssamband smábátaeigenda, þannig að félaginu auðnist það áfram að vinna að því að efla smábátaútgerð.

Trillukarlar eru ekki þannig karakterar að þeir hlaupi út undan sér við ósigra þeir þjappa sér saman og gera aðra tilraun. Það tekst ekki alltaf allt í fyrstu tilraun. En á endanum hafa menn alltaf náð saman og getað stoltir fagnað smáum bátum jafnt sem smábátum koma með afla að landi og ekki sett það fyrir sig hvort róið er með landbeitta línu eða vélbeitta.

Fyrir skömmu ritaði ég grein í Fiskifréttir: „Verkefni sumarþings". Þar vakti ég athygli á nokkrum málum sem LS mun reyna að fá breytt. Þau skulu hér rifjuð upp:

- Endurskoðun á sérstöku veiðigjaldi
- Að áframhaldandi strandveiðar verði tryggðar
- Aukna hlutdeild smábáta í makríl
- Línuívilnun til allra dagróðrabáta
- Veiðiheimildir í byggakvóta
- Óbreyttar reglur um hámark á krókaaflahlutdeild

Þessi málefni eru sameiginleg öllum smábátaeigendum.

Forsenda árangurs í að ná þeim fram er að smábátaeigendur komi fram sem ein heild, samstaða er og verður alltaf þeirra sterkasta vopn.

Óska öllum smábátaeigendum, fjölskyldum þeirra og velunnurum gleðilegs sjómannadags.

Örn Pálsson framkvæmdastjóri

EFNISYFIRLIT:



„Fáum núna ýsu á færin" 6

Kínverjarnir borða hveljuna 12

Viðtal við Jón Sigurðsson 16

Verðhrun í hrognunum 28

LANDSSAMBAND smábátaeigenda

Útgefandi: Landssamband smábátaeigenda. Formaður: Arthur Bogason. Framkvæmdastjóri: Örn Pálsson. Ritstjóri: Sigurjón M. Egilsson. Ritnefnd: Arthur Bogason, Sigurjón M. Egilsson og Örn Pálsson. Ábyrgðarmaður: Örn Pálsson. Umsjón með útgáfu: Goggur ehf. Umbrot: Goggur ehf. Auglýsingar: Goggur ehf. Forsíðumyndina tók Halli Bjarna af Rögnvaldi Einarssyni og Hjálmari Rögnvaldssyni. Prentvinnsla: Oddi. Upplag: 1.500 eintök.